

Fundargerð

Landsfundar 2017

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra

6. maí 2017



Betra aðgengi - öllum í hag!

Haldinn í

Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargar, Hátúni 12, 105 Reykjavík

Setning Landsfundar 2017.

Formaður Sjálfsbjargar Ish. **Bergur Þorri Benjamínsson** bauð þingfulltrúa og gesti lla velkomna til **Landsfundar 2017**.

Heilbrigðisráðherra **Óttar Proppé** ávarpaði síðan Landsfundinn.

Formaður Öryrkjabandalags Íslands, **Ellen Calmon** ávarpaði fundinn.

Veiting heiðursviðurkenninga.

Formaður stýrði afhendingu heiðursviðurkenninga Sjálfsbjargar Ish.

Þórdís Richter f.v. skrifstofustjóri Sjálfsbjargarheimilisins og Sjálfsbjargar Ish. var heiðruð með gullmerki Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra.

Guðríður Ólafsdóttir fv. formaður landssambandsins var heiðruð með sérstöku heiðursmerki Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra.

Kaffihlé.

Að loknu kaffihlé ávarpaði formaður landsfundarfulltrúa. Hann sagði m.a. frá lífeyrisskuldbindingum sem gengið hefur verið frá með samningi við ríkið sem væri gífurleg bót á fjármálum sambandsins. Þá sagði hann frá hugmyndum um hugsanlega samvinnu Sjálfsbjargar í A-Hún og Skagafirði. Að lokum minntist hann á fjölskylduhús samtakanna í Bláskógabyggð sem yrði væntanlega orðið tilbúið innan tíðar. Að lokum setti hann Landsfund 2017.

Skipan fundarstjóra og fundarritara.

Formaður lagði til að Jón Heiðar Jónsson verði fundarstjóri og Þórdís Richter fundarritari og var það samþykkt samhljóða.

Kjörbréf.

Kjörbréf hafa verið móttekin og samkvæmt þeim eru 35 fulltrúar aðildarfélaganna á fundinum.

Dagskrá lögð fram til samþykktar og var hún samþykkt.

Skýrsla Sjálfsbjargar Ish. 2016.

Bergur Þorri Benjamínsson formaður kynnti skýrslu samtakanna fyrir 2016.

Skýrslur aðildarfélga.

Fundarstjóri bauð aðildarfélögum að fylgja á eftir sínum ársskýrslum sem eru í fundarmöppu. Í því tilefni sagði formaður Sjálfsbjargar á Akureyri og

nágrenni frá sumarhúsi félagsins við Vestmannsvatns, en það verður tekið í notkun í sumar. Önnur félög sáu ekki ástæðu til að fylgja sínum skýrslum eftir.

Ársreikningur Sjálfsbjargar Ish. fyrir 2016.

Endurskoðandi Sjálfsbjargar Ish. Theódór Sigurbergsson kynnti ársreikning samtakanna fyrir 2016. Fram kom að tap var á rekstrinum að upphæð kr. 3.9 milljónir. Nokkrar fyrirspurnir komu fram og var þeim svarað greiðlega.

Reikningurinn var borinn upp og samþykktur samhljóða.

Skýrsla og ársreikningur Sjálfsbjargarheimilisins.

Tryggvi Friðjónsson framkvæmdastjóri Sjálfsbjargarheimilisins fór yfir skýrslu SBH fyrir 2014 og ársreikninginn.

Fjárhagsáætlanir Sjálfsbjargar Ish. fyrir 2017 og 2018.

Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar Ish. kynnti fjárhagsáætlanir fyrir 2017 og 2018.

Áætlanirnar voru síða bornar upp samþykktar samhljóða.

Tillaga um árgjald.

Fyrir lá tillaga frá stjórn um að árgjaldið verði áfram óbreytt kr. 500 á hvern félag.

Samykkt samhljóða.

Húsnæðisnefnd.

Þorkell Sigurlaugsson formaður Húsnæðisnefndar kynnti og fylgdi eftir tillögu nefndarinnar varðandi framtíðarhugmyndir um húsnæðismál samtakanna Hátúni 12.

Tillagan var í framhaldi borin upp og samþykkt samhljóða.

Hádegismatur í matsal Sjálfsbjargarhússins.

Kl. 12.15 var gert hádegisverðarhlé og var farið í mótuneyti SBH og var þar fram borinn hádegisverður.

Ársverkefni 2017 og 2018

Að hádegisverðarhlé loknu kynnti Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar Ish. ársverkefnið 2017. Ársverkefnið er notendaúttektir á aðgangi að sundlaugum landsins undir heitinu "Sundlaugar okkar ALLRA". Fór hann lauslega yfir verkefnahefti sem

aðildarfélagin sem annast úttektirnar nota við úttektirnar. Fulltrúar lýstu mikilli ánægju með verkefnið. Tillaga að verkefni ársins 2018 er aðgengisúttekt á söfnum undir heitinu: Söfnin okkar ALLRA! og var tillagan samþykkt samhljóða.

Ályktanir

Þuríður Harpa Sigurðardóttir varaformaður Sjálfsbjargar Ish. kynnti tillögur stjórnar um þrjár ályktanir. Eftir umræður var ákveðið að velja fimm fulltrúa sem færu afsíðis og færu yfir orðalag ályktanna. Nokkru síðar kynntu þau niðurstöður sínar og höfðu þá bætt fjórðu ályktuninni inn.

Ályktun um samning sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Landsfundur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra haldinn í Reykjavík þann 6. maí 2017 skorar á ríkisstjórn Íslands að lögfesta nú þegar samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Alþingi hefur nú loksins fullgilt samninginn, en hann var upphaflega undirritaður af fulltrúum íslenska ríkisins þann 30. mars 2007.

Yfir 160 ríki heims eiga nú aðild að þessum mikilvæga samningi. Fundurinn krefst lögfestingar samningsins áður en væntanlegt starfsgetumat verður sett á til að tryggja að slíkt mat vinni fyrir okkur en ekki gegn okkur.

Ályktunin samþykkt samhljóða.

Ályktun um kjaramál fatlaðra.

Landsfundur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra haldinn 6. maí 2017 skorar á ríkisstjórn Íslands að tryggja fötluðu fólki í landinu full mannréttindi. Örorkulífeyrir endurspegli raunframfærslu á hverjum tíma og persónuafsláttur uppfærast samkvæmt launavísitölu frá 1988 til dagsins í dag. Frumskógur almannatryggingakerfisins verði grisjaður, kerfið einfaldað og skerðingar lífeyris afnumdar.

Fátækt á ALDREI að fyrirfinnast í okkar samfélagi.

Samtökin krefjast þess að ríkisstjórnin, sveitarfélög og atvinnulífið tryggi framboð á hlutastörfum nú þegar.

Ályktunin samþykkt samhljóða.

Ályktun um Notendastýrða persónulega aðstoð (NPA).

Landsfundur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra haldinn 6. maí 2017 fer fram á að NPA verði lögfest STRAX.

Ályktunin samþykkt samhljóða.

Ályktun um húsnæðismál.

Landsfundur Sjálfsbjargar landssamband hreyfihamlaðra haldinn 6. maí 2017 treystir því að ríki og sveitarfélög leysi nú þegar úr brýnum húsnæðisvanda hreyfihamlaðs fólks. Samtökin eru reiðubúin til að leggja fram reynslu sína og þekkingu við lausn þessa vanda.

Ályktunin samþykkt samhljóða.

Kosningar

Kynnt var niðurstaða Kjörnefndar um framboð til stjórna og nefnda samtakanna.

Eftirtaldir eru sjálfkjörnir í stjórn Sjálfsbjargar lsh. til tveggja ára:

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, varaformaður
Jón Eiríksson, ritari
Guðmundur Ingi Kristinsson, meðstjórnandi
Guðni Sigmundsson, meðstjórnandi
Ólafía Ósk Runólfsdóttir, varamaður

Eftirtaldir eru sjálfkjörnir í útgáfunefnd til tveggja ára:

Ásta Dís Guðjónsdóttir
Ólafur Valgeirsson
Margrét S. Hannesdóttir

Eftirtaldir eru sjálfkjörnir í laganefnd til tveggja ára:

Guðni Sigmundsson
Anna Torfadóttir
Anna Kristín Sigvaldadóttir

Eftirtaldir eru sjálfkjörnir í kjörnefnd til tveggja ára:

Guðbjörg K. Eiríksdóttir
Guðmundur Ingi Kristinsson
Margrét S. Jónsdóttir

Eftirtalinn er sjálfkjörinn í stjórn Hjálparliðasjóðinn til 2 ára:

Sævar Guðjónsson

Kosið var í stjórn Sjálfsbjargarheimilisins, en þrjú eru í framboði í tvö sæti meðstjórnenda til tveggja ára:

Hannes Sigurðsson
Kristín Jónsdóttir
María Óskarsdóttir

Niðurstaða kosningar

Kristín Jónsdóttir og María Óskarsdóttir eru rétt kjörnar í stjórn Sjálfsbjargarheimilisins.

Kosnir voru varamann í stjórn Sjálfsbjargarheimilisins. Í framboði eru

Ásta Dís Guðjónsdóttir
Guðmundur Ingi Kristinsson
Hannes Sigurðsson

Niðurstaða kosningar

Guðmundur Ingi Kristinsson og Ásta Dís Guðjónsdóttir hlutu kosningu.

Kaffihlé.

SVÓT greining á starfi Sjálfsbjargar lsh.

Unnið var með niðurstöður SVÓT greiningar frá 2005. Fulltrúum var skipt upp í 5 umræðuhópa. Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar kynnti og stýrði vinnunni sem var að fara yfir niðurstöður SVOT greiningar sem framkvæmdar voru 2005 um starfsemi Sjálfsbjargar lsh. Fólk átti að leggja mat á það hvort staðhæfingar um stöðu mála þá ættu við í dag og jafnframt að koma upp með nýja liði sem ættu við í dag ef það kæmi auga á slíka.

Tryggvi Friðjónsson, Ása Hildur Guðjónsdóttir, Bergur Þorri Benjamínsson, María Óskarsdóttir og Hanna Margrét Kristleifsdóttir voru hópstjórar og kynntu niðurstöður sinna hópa.

Önnur mál.

Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri kynnti starfsáætlun 2017-2018 Sjálfsbjargar sem var í möppunni. Fundurinn samþykkti starfsáætlunina samhljóða.

Þuríður Harpa ræddi komu sína að félagsstarfinu hjá Sjálfsbjörg lsh. síðustu ár og þá sannfæringu sína að starfið hafi eflst og dafnað. Ásta Dís Guðjónsdóttir sagði frá leikritinu Álfahöllin í Þjóðleikhúsinu sem fjallar um fátækt.

Landsfundir 2017 slitið.

Bergi Þorra Benjamínsson formaður Sjálfsbjörg Ish. þakkaði fyrir góðan fund og sleit Landsfundir kl 16.45.

Við hér enda verðum grín
Vegir skilja að sinni
Haltu á vinur heim til þín
Hjartans kveðju minni.

Þórdís Richter
Fundarritari.

Betra aðgengi - öllum í hag!